

# Stjórnarfundur FEB nr. 523 þriðjudaginn 7. apríl 2026

kl. 13:30 í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

**Mættir aðalmenn:** Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Gunnlaugur Auðunn Júlíusson, Sigrún Unnsteinsdóttir og Fanney Sigurbjörg Jóhannsdóttir.

**Mættir varamenn:** Kristján Guðmundsson, Hörður Hilmarsson og Jóhann Gunnar Ásgrímsson.

**Fjarverandi:** Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Bergmann og Guðrún Ósk Jakobsdóttir.

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

## 1. Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð

## 2. Landsfundur LEB

Landsfundur LEB verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík, miðvikudaginn 29. apríl. Gert er ráð fyrir að allir í stjórn og varastjórn mæti, hafi þeir kost á því. FEB hefur rétt á að senda 42 fulltrúa á landsfundinn og er nú fullbókað á fundinn frá FEB.

Formaður lagði til að landsfundarfulltrúar yrðu boðaðir á fund í húsakynnum FEB í vikunni nokkrum dögum áður til að hrista hópinn saman og ræða þau málefni sem koma til umræðu á honum. Samþykkt af stjórn sem vísaði endanlegri tímasetningu til formanns og framkvæmdastjóra.

## 3. Skipan nefnda

Stjórnarmenn ákváðu að skipa eftirfarandi aðila í eftirfarandi nefndir:

### Kjaranefnd:

Sigurður Ágúst Sigurðsson, Gunnlaugur A. Júlíusson, Guðrún Ósk Jakobsdóttir og Kristján Guðmundsson. Dýrleif Guðjónsdóttir starfsmaður.

### Húsnæðisnefnd:

Ástrún Björk Ágústsdóttir formaður, Jóhann G. Ásgrímsson, Sigurður Ágúst Sigurðsson, Kristján Guðmundsson og Sigrún E. Unnsteinsdóttir. Dýrleif Guðjónsdóttir starfsmaður.

### Laganefnd:

Sigurður Ágúst Sigurðsson og Gunnlaugur A. Júlíusson.

### Velferðarnefnd:

Sigurður Ágúst Sigurðsson, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Jakobsdóttir og Fanney S. Jóhannsdóttir. Dýrleif Guðjónsdóttir starfsmaður.

### Ferðanefnd:

Hörður Hilmarsson, Guðrún Bergmann, Jóhann G. Ásgrímsson, Gunnlaugur A. Júlíusson, Kári Jónasson, Guðlaug Tómasdóttir og Dýrleif Guðjónsdóttir.

### Ritnefnd:

Sigurður Ágúst Sigurðsson, Hörður Hilmarsson, Guðrún Bergmann, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Kristján Guðmundsson, Fanney S. Jóhannsdóttir og Dýrleif Guðjónsdóttir.

**Fulltrúar FEB í Öldungaráði Reykjavíkurborgar 2026**

**Aðalfulltrúi: Sigurður Ágúst Sigurðsson**

**Varafulltrúi: Ástrún Björk Ágústsdóttir**

**4. Undirbúningur í aðdraganda borgarstjórnarkosninga**

Kynntar voru áherslur FEB fyrir sveitarstjórnarkosningar í maí n.k. Lagt var til að bæta við skjalið áherslum FEB varðandi skipan öldungaráðs Reykjavíkur. Stefnt er að opnum fundi þann 17. apríl með öllum framboðum sem bjóða fram til borgarstjórnar Reykjavíkur þann 16. maí n.k. Á fundinum verður þeim gefinn kostur á að lýsa stefnu framboðanna í málefnum eldra fólks.


**5. Hólaberg 84**

Framkvæmdastjóri kynnti samning FEB við Félagsbústaði sem undirritaður var 11.04.24. er varðar sölu á tveimur íbúðum við Hólaberg 84. Félagsbústaðir hafa nú uppfyllt samningskilmálana og það innan setts tímaramma.

**Fleira ekki tekið fyrir.**

**Fundi slitið kl. 15:15**

**Fundargerð ritaði Gunnlaugur Auðunn Júlíusson**



Gunnlaugur Auðunn Júlíusson  
Stjórn Hólabergs  
Ástrún Björk Ágústsdóttir